

Bráðabirgðalög

Nr. 38.
30. nóv.

um

heimild fyrir landsstjórnina til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands um, að hinar sjerstaklegu fjárhagslegu ástæður, sem gjörðu það nauðsynlegt, að setja lög nr. 81, 14. nóv. 1917, sjeu enn þá fyrir hendi, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 6. gr. stjórnarskrárinna, er veiti landsstjórninni heimild til að leyfa Íslandsbanka að auka seðlaupphæð þá, er bankinn má gefa út samkvæmt 4. gr. laga nr. 66, 10. nóvember 1905.

Því bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Landsstjórninni veitist heimild til að auka seðlaupphæð þá, er Íslandsbanki má gefa út samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905, 4. gr., svo sem viðskiftaþörfin krefur að dómi landsstjórnarinnar. Þessa viðbót við seðlaútgáfuna má þó því að eins leyfa, að

1. að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr 2¹/₂ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga.
2. bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti, 2% á ári, af upphæð þeirri, er seðlaupphæð sú, sem úti er í mánaðarlok, fer fram úr 2¹/₂ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til.
3. bankinn greiði ókeypiss og eftir þörfum í Reykjavík, samkvæmt brjefi eða símskeyti, fjárhæðir, sem Landsbankinn borgar inn í reikning Íslandsbanka við viðskiftabanka hans í Kaupmannahöfn, og flytji á sama

Nr. 38.
30. nóv.

hátt og ókeypis það fje, sem Landsbankinn þarf að flytja frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, að svo miklu leyti, sem inniegn Íslandsbanka þar leyfir.

2. gr.

Bankanum er skylt, að viðlögðum missi seðlaútgáfurjettar sins, að innleysa alla þá seðla, er hann hefir gefið út samkvæmt lögum þessum, jafnskjótt sem landsstjórnin eða löggjafarvaldið krefst þess, og með þeim fyrirvara, er settur verður.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1918 og gilda til 1. september 1919.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 30. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.